



Árnesi, 27.11.2025

Fundanúmer í WorkPoint : F202511-0030

23. fundur skólanefndar

Fundartími: 15:00 – 17:00

Boðaðir: Vilborg Ástráðsdóttir; Bjarni Hlynur Ásbjörnsson; Ingvar Hjálmarsson; Anna María Flygenring; Sigríður Björk Marinósdóttir; Anna Gréta Ólafsdóttir; Ingibjörg María Guðmundsdóttir; Guðmundur Finnbogason; Helga Guðlaugsdóttir; Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir; Elvar Már Svansson; Sýlvía Karen Heimisdóttir

Fundarstjóri Vilborg Ástráðsdóttir

Ritari: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Fjarverandi: Anna María Flygenring, Elvar Már Svansson, Sýlvía Karen Heimisdóttir

Varamenn:

Gestir:

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Fundarsetning

- -

Vilborg Ástráðsdóttir, formaður skólanefndar, setti fund kl. 15:36 og bauð fólk velkomið. Hún spurðist fyrir um það hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðið. Svo var ekki.

Á fundinn voru mætt: Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Ingvar Hjálmarsson, Sigríður Björk Marinósdóttir, Guðmundur Finnbogason og Ingibjörg María Guðmundsdóttir. Anna María Flygenring og Elvar Már Svansson boðuðu forföll.

2. Málefni félagsmiðstöðvarinnar Ztart - Fjárhagsáætlun

- -

Frestað.

3. Málefni félagsmiðstöðvarinnar Ztart - skýrsla forsöðumanns

- -

Frestað.

4. Málefni Þjósárskóla - Fjárhagsáætlun fyrir Þjósárskóla

- -

Vilborg Ástráðsdóttir, formaður skólanefndar fór yfir greinargerð frá Sýlvíu Karen Heimisdóttur, sveitarstjóra varðandi fjárhagsáætlun Þjósárskóla fyrir árið 2026. Áætlunin hækkar um 44 milljónir króna frá síðasta ári eða 24,3%-. Gjaldskrár hækka um 3% á milli ára. Hugmyndir um að leggja á gjald fyrir morgunverð getur verið flókin í ljósi þess að hádegismatur er gjaldfrjál. Kostir þess að hafa morgunverð í boði gerir það að verkum að börnin vinna auðveldar í tímum fram undir hádegis. Akstur skólabíla eftir frístund var ræddur og hvaða viðmið um lágmarkspáttöku ætti að vera til staðar, en foreldrar greiða fyrir þann akstur.

Umræður urðu um málin.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Arnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Skólanefnd er sammála því að morgunverður verði gjaldfrjáls og að frístund verði í boði ef að lágmarki þrír nemendur eða fleiri nýti sér hana. Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlun Þjósárskóla eins og hún er lögð fram og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

5. Málefni Þjósárskóla - Skólapúlsinn

- -

Guðmundur Finnbogason, skólastjóri fór yfir niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins. Að þessu sinni var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. - 9. bekk. Stjórnendur og starfsfólk skólans hafa verið að rýna niðurstöðurnar. Ánægja af lestri er nokkuð undir landsmeðaltali en nemendur er vel meðvitaðir um mikilvægi hans. Trú á eigin námsgetu er yfir landsmeðaltali, en stendur í stað á milli kannanna. Skoða þarf að leggja meiri áherslu á lestur og stærðfræði. Ánægja af náttúrufræði eykst og er með því hæsta sem mælist á landsvísi. Aðrir þættir eru á góðum stað. Kennarar hafa í kjölfar Skólapúlsins kannað dýpra hvernig nemendur horfa á námsgreinar sínar og vinna frekari kennslu út frá því.

Umræður urðu um málið.

Anna Greta Ólafsdóttir kom á fundinn kl. 16:09.

Ingibjörg Sæunn Jónsdóttir á fundinn kl. 16:10

6. Málefni Þjósárskóla - skýrsla skólastjóra

- -

Skólastjóri, fór yfir skýrslu sína frá síðasta skólanefndarfundum.

Árshátíðin var haldin með nýju sniði þann 6. nóvember þar sem Halldóra Rut Baldursdóttir nýtti aðferðir Samsköpunar. Hún fékk nemendur til þess að skapa eigið leikverk út frá sínum eigin tilfinningum og hugmyndum og stigu margir út fyrir þægindaramma sinn. Mjög góður rómur var gerður að árshátíð Þjósárskóla og voru nemendur, kennarar og gestir hæstánægðir með útkomuna. Starfsdagur var haldinn 5. nóvember og hófst þar vinna við að móta sameiginlega sýn á skólann. Helstu áherslur og það sem starfsfólki fannst að ætti að einkenna skólann er útinám, sköpun, læsi, hreyfing, samvinna og vaxtarhugarfar. Það er í góðu samræmi við gildandi skólastefnu sveitarfélagsins. Næsti starfsdagur verður haldinn í mars á nýju ári þar sem þessi vinna mun halda áfram og fram eftir vetri.

Kennarar fóru á námskeið í tengslum við Háskólalestina þar sem gervigreind var m.a. rædd allnokkuð. Nú í haust var smíðjudögum breytt þannig að menningarferð grunnskólans var stytta og gisting tekin út. Í staðinn kom Háskólalestin í Flóaskóla á fyrri dag smíðjudaga, en þann seinni fóru nemendur í menningarferð til Reykjavíkur þar sem fjölmargir staðir voru heimsóttir, m.a. Alþingi, Landhelgisgæslan söfn og fleira. Dagurinn endaði svo með tónleikum og balli félagsmiðstöðvanna í Hvíta húsinu á Selfossi.

Sálfræðingur skólaþjónustunnar hefur unnið að greiningarviðtölum hjá nokkrum nemendum nokkra daga undanfarnar vikur. Nemendaverndarráðsfundur var haldinn 17. nóvember. Ráðið heldur utan um 23 nemendur og úthlutar um það bil 36 kennslustundum á viku. Nokkrir nemendur fá daglega þjálfun og aðrir tvisvar í viku eða vikulega, eftir þörfum.

Verknámshúsið hefur verið tekið í notkun með afhendingu smíðastofunnar. Stefnt er að því að opna textíl- og myndmenntastofu á næstu dögum og heimilisfræðistofu fyrir júl.

Um 30 skólastjórnendur úr Skólastjórafélagi Suðurlands komu í heimsókn þann 6. nóvember þar sem þeir fengu kynningu á verkefninu „Kveikjum neistann“ frá Önnu Rós Hallgrímsdóttur, skólastjóra Grunnskóla Vestmannaeyja. Guðmundur skólastjóri kynnti einnig fyrir hópnum þær metnaðarfullu framkvæmdir við Þjósárskóla sem eru í gangi. Var mikil ánægja með kynningu Guðmundar og skólastjórnendur sammála því að metnaður væri mikill.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

Haustönn skólans lýkur svo með Litlu jólum þann 19. desember.

Umræður urðu um málið.

Helga Guðlaugsdóttir kom á fundinn kl. 16:30

7. Sameiginleg málefni - Yfirferð og áætlun um stoðþjónustu, Leikholt og Þjósárskóli

- -

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu Þjósárskóla, fór yfir stöðuna í grunnskólanum. 23 nemendur njóta stoðkennslu í skólanum. Samþætt mál eru til staðar sem tengjast farsæld barna. Aukið fjármagn og meiri tími til málaflokksins hefur skilað sér í því að betur næst utan um þá nemendur sem þurfa aðstoð.

Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri, fór yfir samantekt vorskýrslu um stoðþjónustu í Leikholti. 11 börn voru í viðbótarkennslu og 9 fengu einstaklingsnámskrá. Talmeinafræðingur frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings kom í 6 heimsóknir. Stofnað var innleiðingarteymi fyrir SÍ verkefnið og er það vel á veg komið. Handbók vegna verkefnisins er tilbúin.

Umræður urðu um málið.

8. Sameiginleg málefni - Þróunarsjóður skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- -

Formaður skólanefndar, kynnti niðurstöður fagnefndar Þróunarsjóðsins vegna umsókna í hann. Sjö umsóknir bárust í Þróunarsjóð að þessu sinni frá leikskólanum Leikholti, Þjósárskóla og Tónlistarskóla Árnesinga.

Þrjár umsóknir hlutu styrk að þessu sinni að upphæð kr. 3.350.000-

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd beinir því til væntanlegra umsækjenda í Þróunarsjóð skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps, að vanda til umsókna og skýra vel alla þá þætti sem þar koma fram.

9. Sameiginleg málefni - skýrsla formanns skólanefndar

- -

Formaður lagði fram skýrslu sína varðandi störf sín frá síðasta fundi.

Fagnefnd Þróunarsjóðs skólasamfélags Skeiða- Gnúpverjahrepps fór yfir umsóknir í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Árshátíð grunnskólans var einstaklega vel heppnuð og eiga nemendur og kennarar þakkar skyldar fyrir uppsetningu og framsetningu hennar.

Verknámshúsið hefur verið tekið í notkun með smíðastofunni og styttest mjög í að textíl- og myndlist komist inn ásamt kennslueldhúsi. Almenn ánægja er með aðstöðuna.

Haraldur Þór Jónsson, oddviti og formaður skólanefndar fóru á fund með kennurum og starfsfólki Þjósárskóla á starfsdögum þeirra, og kynntu m.a. fyrir þeim nýja íþróttahúsið og verknámshúsið og aðstöðuna sem þeim fylgir.

Lokahóf SÍ verkefnisins var haldið í Friðheimum nýlega og þakkar formaður vel fyrir mjög gott verkefni.

Umræður urðu um málin.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

10. Málefni til kynningar - Nemendagrunnur

- -

Formaður lagði fram erindi frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu frá 18. nóvember s.l. þar sem kynnt var innleiðing á Nemendagrunni. Það er miðlægur gagnagrunnur sem heldur um samræmda skráningu barna á skólaskyldualdri í grunnskóla fyrir landið allt. Það á að tryggja réttar upplýsingar fyrir hvert barn í gegnum alla skólagöngu frá leikskóla til framhaldsskóla. Gögn frá Þjórsárskóla hafa verið uppfærð í hinn nýja gagnagrunn.

Umræður urðu um málið.

Guðmundur og Ingibjörg María fóru af fundi kl. 17:20

11. Málefni Leikholts - fjárhagsáætlun 2026

- -

Leikskólastjóri, fór yfir greinargerð um fjárhagsáætlun Leikholts 2026. Fjárhagsáætlunin hækkar um 33 milljónir kr. eða 15.1% frá áætlun fyrra árs. Áhersla er lögð á þörf fyrir að endurnýja útileikföng og úreltan tölvubúnað.

Umræður urðu um málið.

Skólanefnd samþykkir fjárhagsáætlun Leikholts eins og hún er lögð fram og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

12. Málefni Leikholts - Handbók um málörvun og Læsi

- -

Leikskólastjóri og Helga Guðlaugsdóttir kynntu handbók um „Málörvun og læsi“ Handbókin er leiðarvísir fyrir starfsfólk leikskólans og upplýsingarit fyrir foreldra og samstarfsaðila. Þar er lýst hvernig málörvun og læsi er fléttuð inn í allt daglegt starf leikskólans. Markmið handbókarinnar er að tryggja að öll börn fái tækifæri til að þróa mál, samskipti og læsi, hver á sínum hraða og með stuðningi sem hæfir þörfum hvers og eins. F
inna má handbókina á þessari vefslóð <https://heyzine.com/flip-book/2cc00e0f0b.html#page/1>

Umræður urðu um málið.

13. Málefni Leikholts - skýrsla leikskólastjóra

- -

Leikskólastjóri lagði fram skýrslu sína frá síðasta skólanefndarfundi. Lokahóf SÍ verkefnisins markaði endapunkt á þróunarstarfi sem hefur staðið yfir í rúmt ár. Börn í Vörðufelli og elstu börn í Heklu fóru á generalrprufu fyrir árshátíð í Þjórsárskóla og var mjög vel tekið á móti þeim. Leikholt sendir Þjórsárskóla þakkir fyrir frábæra árshátíð. Ákveðið hefur verið að opna fjórðu deildina í Leikholti, tímabundið frá næstu áramótum. Skipulag mannauðsmála hefur átt sér stað í mánuðinum og mun vinnustyttingum og uppsöfnuðum vinnutíma ljúka fyrir árslok. Heildarfjöldi barna í Leikholti er nú 47 en áætlað er að þau verði 54 í lok skólaárs.

Umræður urðu um málin.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - skeidgnup@skeidgnup.is - www.skeidgnup.is

14. Fundi slitið

- -

Fleira var ekki gert. Formaður sleit fundi kl. 18:05

Þeir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.

Undirritunarsíða

Vilborg María Ástráðsdóttir

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Ingvar Hjálmarsson

Sigríður Björk Marinósdóttir